

Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2022  
UST202211-075/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Umsókn. Efnistaka – Fláskarðskrikanáma. Umsögn**

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Veitt var leyfi til efnistöku úr námunni að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Leyft var að taka allt að 1.500.000 m<sup>3</sup> úr námunni. Leyfi var framlengt til 29. júní 2021. Til þessa hefur einungis verið teknir 218.720 m<sup>3</sup> úr námunni. Nú er sótt um að taka allt að 1.200.000 m<sup>3</sup> úr námunni. Sótt er um leyfi til 30 ára. Leyfistími er þetta langur því eftirspurn eftir efni úr námunni er nokkuð sveiflukennnd.

Við mat á umhverfisáhrifum 2008-2009 kom fram að efnistakan muni mögulega hafa áhrif á aðra nýtingu á þessu svæði. Einnig komu fram ábendingar frá Hafrannsóknarstofnun varðandi lífríki á efnistökusvæðunum.

Í álitni Skipulagsstofnunar dags. 8. apríl 2009 segir m.a.: „*Skipulagsstofnun telur að setja eigi eftirfarandi skilyrði fyrir leyfi til efnistöku:*

*Gerð verði rannsókn á samspili efnistöku og dragnótaveiða m.t.t. botngerðar og setflutninga.*

*Gerð verði rannsókn á lífríki í sunnanverðum Faxaflóa, sem miði að því að skýra vistfræðilegt gildi efnistökusvæða fyrir dýrastofna, m.a. síli og flatfiska.“*

Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvort efni úr þessari námu myndi mögulega nýtast til framleiðslu sements ef sú starfsemi yrði hafin aftur í landinu og hvort ástæða sé þess vegna að takmarka efnistöku til annarra nota úr námunni.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umsóknina.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*